Hagtíðindi
Statistical Series

Verðlag og neysla
Prices and consumption

2005:1 • 15. apríl 2005

# Áfengisneysla 2004

*Consumption of alcohol beverages 2004*

*Samantekt*

**Áfengissala hér á landi jókst um 6,3% milli áranna 2003 og 2004 í lítrum talið, eða úr 19,2 milljónum lítra árið 2003 í 20,4 milljónir lítra árið 2004. Umreiknað til hreins vínanda, alkóhóllítra, er aukningin hlutfallslega ekki eins mikil, eða 4,4% milli ára, úr 1.458 þúsund alkóhóllítrum árið 2003 í 1.523 þúsund alkóhóllítra árið 2004. Salan samsvarar 6,71 alkóhóllítra á hvern íbúa 15 ára og eldri, en var 6,52 alkóhóllítrar á árinu 2003. Sú aukning er 2,9% milli ára, en sambærilegar hækkanir milli ára á þeim mælikvarða hafa verið frá ríflega 2% til ríflega 5% frá árinu 2000.**

## Inngangur

Hagstofan og forverar hennar hafa safnað tölulegu efni um áfengissölu allt frá árinu 1881. Ýmsar breytingar hafa orðið á skýrslugerðinni í gegn um tíðina. Þannig eru tölur áranna 1881–1934 fengnar úr verslunarskýrslum um innflutning áfengis. Síðan voru tölur fengnar frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) og forvera hennar Áfengisverslun ríkisins og á það við allt til ársins 1994. Samkvæmt lögum nr. 94/1995 var einkaréttur ÁTVR til innflutnings og sölu áfengis til endurseljenda afnuminn og tóku lögin gildi 1. desember 1995. Þessi lög höfðu í för með sér breytingu á söfnun tölulegra upplýsinga um sölu áfengis hér á landi, en samkvæmt reglugerð nr. 585/1995, sem byggir á áðurnefndum lögum, skulu leyfishafar senda Hagstofunni skýrslu, ársfjórðungslega, um framleiðslu, innflutning og sölu áfengis. Talnaefni, frá og með árinu 1995, sem birtist í meðfylgjandi töflum er byggt á þessum skýrslum, svo og sölu ÁTVR. Heildartölur um neyslu eru byggðar á sölu ÁTVR að viðbættri sölu leyfishafa til veitingahúsa, hótela, sendiráða, svo og það sem notað er til kynningar innanlands. Í tölunum er hins vegar ekki meðtalið áfengi sem áhafnir skipa og flugvéla flytja inn í landið, eða það magn sem ferðamenn taka með sér frá útlöndum eða kaupa í fríhöfn. Ekki er heldur meðtalið það magn sem ÁTVR eða aðrir aðilar flytja úr landi eða selja til Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

## Neysla og neysluvenjur

*Breytingar á neysluvenjum í kjölfar lögleiðingar bjórsölu 1989*

Árið 1989 var sala bjórs lögleidd á Íslandi og hefur orðið mikil breyting á neysluvenjum á þeim tíma sem liðinn er og jafnframt mikil aukning áfengisneyslu. Árið 1988 hafði áfengisneysla á Íslandi, mæld í hreinum vínanda, skipst þannig að 77% voru sterkir drykkir en létt vín voru 23%. Hafði hlutur léttra vína minnkað frá árinu 1980, en þá hafði hlutur þeirra verið 29% á móti 71% sterkra drykkja. Árið 1989 hrapaði hins vegar hlutur sterkra drykkja niður í 52% og hlutur léttra vína hrapaði niður í 14%, en 1. mars það ár var sala á áfengum bjór heimiluð, sjá mynd 1.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Áfengisneysla 1988 og 1989**
*Figure 1. Consumption of alcohol beverages 1988 and 1989*




*Ýmsir þættir hafa áhrif á áfengisneyslu*

Sala bjórs varð um 34% af heildarneyslu hérlendis strax fyrsta árið (1989) þó einungis væri um 10 mánaða sölu að ræða. Sala áfengis á því ári jókst um 23% í vínandalítrum talið en nærri þrefaldaðist í lítrum talið. Þetta sést vel á mynd 2 og þar sést einnig að strax næsta ár á eftir, árið 1990, minnkaði áfengisneyslan og náði ekki sama magni í alkóhóllítrum talið fyrr en á árinu 1997. Orsök þessa er vafalaust nýbreytni sú sem varð með tilkomu bjórsins og hafði mest áhrif fyrstu mánuðina, en auk þess má gera ráð fyrir að atvinnuástand og hagvöxtur hafi einnig haft áhrif, en þessi ár var lítill hagvöxtur og atvinnuleysi jókst fram til ársins 1995. Það ár, í desember, var einkaréttur ÁTVR til innflutnings á áfengi afnuminn og leyfishafar að innflutningi og framleiðslu áfengis fengu heimild til að endurselja vöruna til ÁTVR og til veitingastaða og hótela m.a. Auk þess að atvinnuhorfur vænkuðust má ætla að þessi skipulagsbreyting hafi síðan einnig haft áhrif til aukinnar neyslu, þar sem umfjöllun um vín í fjölmiðlum jókst mikið, ásamt almennum kynningum á víni. Loks má nefna að breytingar á verslunum ÁTVR, aukið aðgengi að vörunni, svo og aukið vöruúrval, getur einnig haft áhrif á neysluvenjur.

**Mynd 2. Áfengisneysla í alkóhóllítrum 1980–2004, 15 ára og eldri**
*Figure 2. Consumption of alcohol beverages, in litres of pure alcohol 1980–2004, per inhabitant 15 years and over*



*Samanburður við önnur lönd*

Áfengisneysla í alkóhóllítrum á hvern íbúa 15 ára og eldri hefur aukist úr 4,33 alkóhóllítrum árið 1980 í 6,71 alkóhóllítra árið 2004, sbr. töflu 1. Sú aldursviðmiðun hefur lengi verið notuð vegna alþjóðlegs samanburðar. Taflan sýnir einnig heildarsölumagn í þúsundum lítrum talið og neyslu miðað við heildarmannfjölda. Neysla í lítrum árið 2004 skiptist þannig að bjórneysla er rúmlega 70 lítrar á ári á hvern íbúa 15 ára og eldri, neysla léttra vína rúmlega 16 lítrar og sterkra drykkja rúmlega 3 lítrar á ári. Í samanburði við önnur lönd í Evrópu er bjórneysla á íbúa hér á landi líkust því sem er í Noregi, Svíþjóð og Sviss. Önnur lönd í mið- og norður Evrópu eru með mun meiri bjórneyslu, allt að tvöfalt meiri, en vínræktarlöndin sunnar í álfunni eru hins vegar með minni bjórneyslu á íbúa. Mynd 3 sýnir áfengisneyslu í alkóhóllítrum á íbúa 15 ára og eldri á Norðurlöndum árin 1995 og 2003, sjá einnig töflu 2. Aukningin er sýnu mest á Íslandi á þessu tímabili, en jafnframt var neyslan minnst á Íslandi og í Noregi í upphafi tímabilsins.

**Mynd 3. Áfengisneysla í alkóhóllítrum, 15 ára og eldri**
*Figure 3. Consumption of alcohol beverages, in litres of pure alcohol, per inhabitant 15 years and over*




## Tegundir og upprunalönd

*Bjór, létt vín og sterkt áfengi*

Bjórneysla hefur vaxið stöðugt frá árinu 1993 og hefur á síðustu árum verið um og yfir 50% af áfengisneyslu, mælt í alkóhóllítrum. Létt vín vinna stöðugt á, sérstaklega á síðustu 5–6 árum, og eru orðin ríflega 28% áfengisneyslu árið 2004. Sterkari drykkir eru hins vegar komnir niður í 20%, sjá mynd 4. Skilgreining á sterkum drykkjum og léttu víni frá og með 1993 er sú að drykkir sem eru yfir 22% að styrkleika teljast sterkir, en það sem er 22% eða minna, að bjórnum frátöldum, telst létt vín.

**Mynd 4. Áfengisneysla 1995 og 2004**
*Figure 4. Consumption of alcohol beverages 1995 and 2004*




*Einstakar vörutegundir*

Mynd 5 sýnir þróun í neyslu helstu tegunda áfengis frá árinu 1996, sjá einnig töflu 3. Mest er aukningin á neyslu rauðvíns, en aukning á neyslu hvítvíns er einnig mjög vaxandi, sérstaklega árin 2003 og 2004, þegar hlutfallsleg aukning í sölu á hvít-víni var meiri en aukning í sölu á rauðvíni. Aukning á bjórneyslu er minni, en mikil aukning á því áfengi sem fellur undir liðinn „annað“ á myndinni skýrist af mikilli söluaukningu í blönduðum drykkjum, en stór hluti þess eru tilbúnar blöndur sem seldar eru á álíka flöskum og gosdrykkir.

**Mynd 5. Breytingar á áfengisneyslu frá 1996, 1996=100**
*Figure 5. Changes in consumption since 1996, 1996=100*




*Upprunalönd rauðvína og hvítvína*

Skýrslur leyfishafa til Hagstofunnar fyrstu árin gáfu ekki upplýsingar um upprunalönd rauðvína og hvítvína, en vegna eftirspurnar var skýrslugerð breytt þannig að frá og með árinu 2000 var tekin upp ný flokkun (sjá töflur 4 og 5) og því unnt að fylgjast með sölu þessara vína frá einstaka löndum. Mynd 6 sýnir sölu rauðvína eftir helstu upprunalöndum og er hlutur Frakklands lang mestur í upphafi tímabilsins, en hlutur rauðvína frá öðrum löndum fer vaxandi og má sérstaklega nefna Ítalíu og Chile í því sambandi. Vín frá Chile urðu söluhærri en vín frá Frakklandi á árinu 2003 og er Frakkland nú komið í fjórða sæti á eftir Ítalíu sem er í öðru sæti

og Spáni sem er í því þriðja. Söluaukning á rauðvíni frá Suður-Afríku er þó hlutfallslega mest og hefur salan sexfaldast frá árinu 2000. Hvað varðar hvítvín, sjá mynd 7, eru vín frá Frakklandi lang söluhæst öll árin, en mest hlutfallsleg aukning er í sölu vína frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi, svo og vína frá Suður-Afríku.

**Mynd 6. Sala rauðvíns flokkuð eftir helstu löndum 2000–2004**
*Figure 6. Sale of red wine classified by country of origin 2000–2004*




**Mynd 7. Sala hvítvíns flokkuð eftir helstu löndum 2000–2004**
*Figure 7. Sale of white wine classified by country of origin 2000–2004*



**Tafla 1. Áfengissala 1987–2004**
*Table 1. Consumption of alcohol beverages 1987–2004*

| | Alls *Total* | | Bjór *Beer* | | Létt vín *Wine* | | Sterk vín *Spirits* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* |
| **1.000 lítrar** ***1,000 litres*** | | | | | | | | |
| 1987 | 3.283,0 | 855,6 | · | · | 1.672,0 | 209,0 | 1.611,0 | 646,6 |
| 1988 | 3.227,0 | 847,2 | · | · | 1.525,0 | 196,0 | 1.702,0 | 651,2 |
| 1989 | 9.498,9 | 1.045,0 | 6.946,7 | 359,9 | 1.168,6 | 144,8 | 1.383,6 | 540,2 |
| 1990 | 8.994,3 | 1.001,8 | 6.472,2 | 330,3 | 1.173,5 | 145,8 | 1.348,6 | 525,8 |
| 1991 | 8.675,2 | 996,9 | 6.043,3 | 307,1 | 1.260,3 | 155,5 | 1.371,6 | 534,3 |
| 1992 | 8.131,7 | 927,9 | 5.606,2 | 284,4 | 1.271,4 | 155,5 | 1.254,1 | 488,0 |
| 1993 | 8.241,7 | 882,3 | 5.864,0 | 295,8 | 1.250,9 | 150,7 | 1.126,8 | 435,9 |
| 1994 | 9.600,4 | 923,3 | 7.255,5 | 362,4 | 1.299,4 | 156,2 | 1.045,5 | 404,7 |
| 1995 | 10.558,0 | 962,7 | 8.179,6 | 408,7 | 1.372,2 | 163,9 | 1.006,2 | 390,2 |
| 1996 | 11.430,8 | 998,0 | 8.945,5 | 448,0 | 1.539,6 | 185,0 | 945,7 | 365,1 |
| 1997 | 12.464,7 | 1.050,1 | 9.826,1 | 496,8 | 1.720,9 | 199,4 | 917,7 | 353,9 |
| 1998 | 13.914,7 | 1.164,2 | 10.964,7 | 553,5 | 1.981,6 | 247,3 | 968,4 | 363,4 |
| 1999 | 15.438,9 | 1.254,8 | 12.206,1 | 614,1 | 2.257,4 | 266,0 | 975,4 | 374,8 |
| 2000 | 16.544,1 | 1.324,4 | 13.048,3 | 653,4 | 2.517,4 | 296,9 | 978,4 | 374,1 |
| 2001 | 17.472,5 | 1.385,0 | 13.684,7 | 683,8 | 2.826,6 | 333,5 | 961,2 | 367,7 |
| 2002 | 18.633,8 | 1.444,9 | 14.565,7 | 727,5 | 3.159,3 | 368,6 | 908,8 | 348,8 |
| 2003 | 19.236,0 | 1.458,2 | 14.995,5 | 748,1 | 3.436,0 | 400,4 | 804,5 | 309,7 |
| 2004 | 20.445,7 | 1.523,1 | 15.987,3 | 792,0 | 3.686,0 | 434,1 | 772,4 | 296,9 |
| **Lítrar á hvern íbúa** ***Litres per inhabitant*** | | | | | | | | |
| 1987 | 13,35 | 3,48 | · | · | 6,80 | 0,85 | 6,55 | 2,63 |
| 1988 | 12,91 | 3,39 | · | · | 6,10 | 0,78 | 6,81 | 2,61 |
| 1989 | 37,58 | 4,13 | 27,48 | 1,42 | 4,62 | 0,57 | 5,47 | 2,14 |
| 1990 | 35,30 | 3,93 | 25,40 | 1,30 | 4,61 | 0,57 | 5,29 | 2,06 |
| 1991 | 33,63 | 3,86 | 23,43 | 1,19 | 4,89 | 0,60 | 5,32 | 2,07 |
| 1992 | 31,14 | 3,55 | 21,47 | 1,09 | 4,87 | 0,60 | 4,80 | 1,87 |
| 1993 | 31,24 | 3,34 | 22,23 | 1,12 | 4,74 | 0,57 | 4,27 | 1,65 |
| 1994 | 36,09 | 3,47 | 27,28 | 1,36 | 4,88 | 0,59 | 3,93 | 1,52 |
| 1995 | 39,49 | 3,60 | 30,59 | 1,53 | 5,13 | 0,61 | 3,76 | 1,46 |
| 1996 | 42,51 | 3,71 | 33,26 | 1,67 | 5,72 | 0,69 | 3,52 | 1,36 |
| 1997 | 46,01 | 3,88 | 36,27 | 1,83 | 6,35 | 0,74 | 3,39 | 1,31 |
| 1998 | 50,82 | 4,25 | 40,05 | 2,02 | 7,24 | 0,90 | 3,54 | 1,33 |
| 1999 | 55,70 | 4,53 | 44,04 | 2,22 | 8,14 | 0,96 | 3,52 | 1,35 |
| 2000 | 58,84 | 4,71 | 46,41 | 2,32 | 8,95 | 1,06 | 3,48 | 1,33 |
| 2001 | 61,30 | 4,86 | 48,01 | 2,40 | 9,92 | 1,17 | 3,37 | 1,29 |
| 2002 | 64,80 | 5,02 | 50,65 | 2,53 | 10,99 | 1,28 | 3,16 | 1,21 |
| 2003 | 66,50 | 5,04 | 51,84 | 2,59 | 11,88 | 1,38 | 2,78 | 1,07 |
| 2004 | 69,88 | 5,21 | 54,64 | 2,71 | 12,60 | 1,48 | 2,64 | 1,01 |

Tafla 1. Áfengissala 1987–2004 (frh.)
*Table 1. Consumption of alcohol beverages 1987–2004 (cont.)*

| | Alls *Total* | | Bjór *Beer* | | Létt vín *Wine* | | Sterk vín *Spirits* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Seldir lítrar *Litres sold* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* |
| **Lítrar á hvern íbúa 15 ára og eldri** ***Litres per inhabitant 15 years and over*** | | | | | | | | |
| 1987 | 17,93 | 4,67 | · | · | 9,13 | 1,14 | 8,80 | 3,53 |
| 1988 | 17,27 | 4,53 | · | · | 8,16 | 1,05 | 9,11 | 3,49 |
| 1989 | 50,14 | 5,52 | 36,67 | 1,90 | 6,17 | 0,76 | 7,30 | 2,85 |
| 1990 | 47,04 | 5,24 | 33,85 | 1,73 | 6,14 | 0,76 | 7,05 | 2,75 |
| 1991 | 44,73 | 5,14 | 31,16 | 1,58 | 6,50 | 0,80 | 7,07 | 2,76 |
| 1992 | 41,42 | 4,73 | 28,55 | 1,45 | 6,48 | 0,79 | 6,39 | 2,49 |
| 1993 | 41,57 | 4,45 | 29,58 | 1,49 | 6,31 | 0,76 | 5,68 | 2,20 |
| 1994 | 47,93 | 4,61 | 36,23 | 1,81 | 6,49 | 0,78 | 5,22 | 2,02 |
| 1995 | 52,25 | 4,76 | 40,48 | 2,02 | 6,79 | 0,81 | 4,98 | 1,93 |
| 1996 | 56,03 | 4,89 | 43,85 | 2,20 | 7,55 | 0,91 | 4,64 | 1,79 |
| 1997 | 60,42 | 5,09 | 47,63 | 2,41 | 8,34 | 0,97 | 4,45 | 1,72 |
| 1998 | 66,47 | 5,56 | 52,38 | 2,64 | 9,47 | 1,18 | 4,63 | 1,74 |
| 1999 | 72,70 | 5,91 | 57,48 | 2,89 | 10,63 | 1,25 | 4,59 | 1,76 |
| 2000 | 76,72 | 6,14 | 60,51 | 3,03 | 11,67 | 1,38 | 4,54 | 1,73 |
| 2001 | 79,76 | 6,32 | 62,47 | 3,12 | 12,90 | 1,52 | 4,39 | 1,68 |
| 2002 | 84,19 | 6,53 | 65,81 | 3,29 | 14,27 | 1,67 | 4,11 | 1,58 |
| 2003 | 86,07 | 6,52 | 67,09 | 3,35 | 15,37 | 1,79 | 3,60 | 1,39 |
| 2004 | 90,11 | 6,71 | 70,46 | 3,49 | 16,25 | 1,91 | 3,40 | 1,31 |

**Skýringar** *Notes*: Sala sterks bjórs hófst 1. mars 1989. Frá og með 1. desember 1995 var einkaréttur ÁTVR til innflutnings áfengis og sölu til endurseljenda afnuminn og innflytjendum, framleiðendum og heildsölum, sem höfðu til þess sérstakt leyfi, heimiluð sala til endurseljenda. Frá árinu 1995 ná því tölur yfir sölu ÁTVR og annarra leyfishafa. Ekki er meðtalið það áfengi sem ferðamenn eða áhafnir skipa og flugvéla flytja með sér inn í landið. *The sale of beer was legalised on 1 March 1989. As of 1 December 1995 the State monopoly on the import and wholesale of alcohol was abolished and importers, producers and wholesalers holding a special licence were permitted to resell alcohol. From 1995 the figures cover the sales of ÁTVR and the sales of licence holders. The figures on quantity do not take into acount alcohol imported by ship and aircraft crews and tourists entering the country.*

## Tafla 2. Áfengissala á Norðurlöndum 1991–2003
*Table 2. Consumption of alcohol beverages in the Nordic countries 1991–2003*

| Alkóhóllítrar[1] *Litres of pure alcohol*[1] | 1991 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk *Denmark* | 11,5 | 12,1 | 12,2 | 12,1 | 11,6 | 11,6 | 11,5 | 11,4 | 11,3 | 11,6 |
| Færeyjar *Faroe Islands* | 6,7 | 6,3 | 6,7 | 6,6 | 6,6 | 6,6 | 6,8 | 6,9 | 7 | 6,9 |
| Grænland *Greenland* | 15,0 | 12,6 | 12,6 | 12,8 | 13,3 | 13,2 | 13,4 | 12,5 | 12,3 | 11,6 |
| Finnland *Finland* | 9,2 | 8,3 | 8,2 | 8,6 | 8,7 | 8,7 | 8,6 | 8,9 | 9,2 | 9,3 |
| Álandseyjar *Åland Islands* | … | 5,8 | 5,7 | 5,9 | 6,0 | 6,2 | 6,1 | … | … | … |
| Ísland *Iceland* | 5,1 | 4,8 | 4,9 | 5,1 | 5,6 | 5,9 | 6,1 | 6,3 | 6,5 | 6,5 |
| Noregur *Norway* | 4,8 | 4,8 | 5,0 | 5,3 | … | 5,5 | 5,6 | 5,5 | 5,9 | 6 |
| Svíþjóð *Sweden* | 6,3 | 6,2 | 6,0 | 5,9 | 5,8 | 6,1 | 6,2 | 6,5 | 6,9 | 7 |

**Skýring** *Note*: Táknið … merkir að upplýsingar eru ekki fyrir hendi. ... = *data not available.*

[1] Alkóhóllítrar á mann 15 ára og eldri. *Litres of pure alcohol per inhabitant aged 15 years and over.*

## Tafla 3. Sala áfengis í lítrum eftir helstu tegundum 1996–2004
*Table 3. Sale of alcohol beverages classified according to common types 1996–2004*

| | 1996 | 1998 | 2000 | 2002 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals *Total*** | **11.430.776** | **13.914.668** | **16.544.117** | **18.633.802** | **20.445.721** |
| Rauðvín *Red wine* | 674.421 | 910.473 | 1.215.602 | 1.606.520 | 1.935.020 |
| Hvítvín *White wine* | 346.652 | 404.027 | 521.657 | 632.963 | 814.887 |
| Rósavín *Rose* | 147.648 | 139.701 | 133.478 | 120.259 | 114.879 |
| Freyðivín *Sparkling wine* | 120.011 | 142.075 | 160.540 | 142.691 | 147.054 |
| Sérrí *Sherry* | 71.914 | 59.367 | 56.211 | 49.538 | 41.808 |
| Portvín *Port* | 18.440 | 21.278 | 23.824 | 25.848 | 24.215 |
| Koníak/brandí *Cognac/brandy* | 56.179 | 73.821 | 76.457 | 77.817 | 70.835 |
| Viskí *Whisky* | 118.118 | 125.337 | 123.992 | 115.642 | 104.673 |
| Vodka | 404.074 | 423.410 | 400.931 | 378.806 | 316.776 |
| Gin | 73.630 | 75.191 | 87.490 | 93.441 | 80.309 |
| Líkjörar *Liqueurs* | 120.385 | 127.151 | 140.103 | 146.010 | 125.639 |
| Annað *Other* | 333.806 | 448.133 | 555.569 | 678.615 | 682.284 |
| Bjór *Beer* | 8.945.499 | 10.964.704 | 13.048.262 | 14.565.654 | 15.987.342 |

**Skýringar** *Notes*: Í töflunni er sýnd flokkun áfengis skv. eldri vöruflokkum. Sjá töflu 5 vegna nýrrar flokkunar, sem tók gildi janúar 2000. *The classification in the table has been revised. See table 5 for new classification.*

## Tafla 4. Heildarsala rauðvíns og hvítvíns eftir löndum árin 2001–2004
*Table 4. Total sale of red wine and white wine classified by country of origin 2001–2004*

| Lítrar *Litres* | 2001 | 2002 | Breyting frá fyrra ári % *Change from prev.year %* | 2003 | Breyting frá fyrra ári % *Change from prev.year %* | 2004 | Breyting frá fyrra ári % *Change from prev.year %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rauðvín, samtals *Red wine total*** | **1.407.519** | **1.606.520** | **14,1** | **1.770.031** | **10,2** | **1.935.020** | **9,3** |
| Frakkland *France* | 374.153 | 369.184 | -1,3 | 324.791 | -12,0 | 288.718 | -11,1 |
| Ítalía *Italy* | 180.525 | 224.335 | 24,3 | 307.017 | 36,9 | 324.920 | 5,8 |
| Spánn *Spain* | 224.409 | 277.174 | 23,5 | 286.325 | 3,3 | 290.333 | 1,4 |
| Portúgal *Portugal* | 1.309 | 3.519 | 168,9 | 3.086 | -12,3 | 3.702 | 20,0 |
| Evrópa, annað *Europe other* | 1.760 | 3.665 | 108,3 | 4.262 | 16,3 | 3.345 | -21,5 |
| Bandaríkin *USA* | 90.616 | 100.241 | 10,6 | 125.296 | 25,0 | 132.190 | 5,5 |
| Argentína *Argentina* | 19.825 | 31.562 | 59,2 | 34.917 | 10,6 | 57.011 | 63,3 |
| Chile *Chile* | 297.933 | 350.938 | 17,8 | 340.467 | -3,0 | 371.141 | 9,0 |
| Suður-Afríka *South Africa* | 64.464 | 92.431 | 43,4 | 154.914 | 67,6 | 219.953 | 42,0 |
| Ástralía og Nýja-Sjáland *Australia and New Zealand* | 143.984 | 140.578 | -2,4 | 182.277 | 29,7 | 233.497 | 28,1 |
| Annað *Other* | 8.542 | 12.892 | 50,9 | 6.678 | -48,2 | 10.211 | 52,9 |
| **Hvítvín, samtals *White wine total*** | **588.626** | **632.963** | **7,5** | **710.510** | **12,3** | **814.887** | **14,7** |
| Frakkland *France* | 175.966 | 172.677 | -1,9 | 167.551 | -3,0 | 167.605 | 0,0 |
| Ítalía *Italy* | 96.354 | 96.420 | 0,1 | 101.982 | 5,8 | 95.850 | -6,0 |
| Spánn *Spain* | 34.096 | 40.969 | 20,2 | 42.327 | 3,3 | 48.153 | 13,8 |
| Portúgal *Portugal* | 587 | 1.149 | 96,0 | 816 | -29,0 | 1.076 | 31,9 |
| Þýskaland *Germany* | 50.859 | 57.403 | 12,9 | 71.077 | 23,8 | 96.218 | 35,4 |
| Evrópa, annað *Europe other* | 1.124 | 2.613 | 132,4 | 7.058 | 170,1 | 2.859 | -59,5 |
| Bandaríkin *USA* | 72.799 | 73.105 | 0,4 | 79.528 | 8,8 | 80.029 | 0,6 |
| Chile *Chile* | 62.851 | 72.127 | 14,8 | 72.426 | 0,4 | 98.920 | 36,6 |
| Suður Afríka *South Africa* | 11.114 | 17.274 | 55,4 | 42.590 | 146,6 | 75.692 | 77,7 |
| Ástralía og Nýja-Sjáland *Australia and New Zealand* | 71.187 | 80.193 | 12,7 | 106.711 | 33,1 | 126.596 | 18,6 |
| Annað *Other* | 11.688 | 19.033 | 62,8 | 18.445 | -3,1 | 21.889 | 18,7 |

**Tafla 5. Heildarsala áfengis í lítrum og alkóhóllítrum eftir vöruflokkum árin 2003 og 2004**
*Table 5. Total sale of alcohol in litres and litres of pure alcohol 2003–2004*

| | 2003 | | 2004 | | Breyting frá fyrra ári % *Change from previous year %* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lítrar *Litres* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Lítrar *Litres* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Lítrar *Litres* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* |
| **Alls** ***Total*** | **19.236.009** | **1.458.198** | **20.445.721** | **1.523.054** | **6,3** | **4,4** |
| **Rauðvín, samtals** ***Red wine total*** | **1.770.031** | **224.840** | **1.935.020** | **248.427** | **9,3** | **10,5** |
| Frakkland *France* | 324.791 | 39.538 | 288.718 | 35.210 | -11,1 | -10,9 |
| Ítalía *Italy* | 307.017 | 36.854 | 324.920 | 39.332 | 5,8 | 6,7 |
| Spánn *Spain* | 286.325 | 36.306 | 290.333 | 37.061 | 1,4 | 2,1 |
| Portúgal *Portugal* | 3.086 | 373 | 3.702 | 462 | 20,0 | 23,7 |
| Evrópa, annað *Europe other* | 4.262 | 518 | 3.345 | 414 | -21,5 | -20,0 |
| Bandaríkin *USA* | 125.296 | 16.156 | 132.190 | 17.209 | 5,5 | 6,5 |
| Argentína *Argentina* | 34.917 | 4.632 | 57.011 | 7.739 | 63,3 | 67,1 |
| Chile *Chile* | 340.467 | 44.694 | 371.141 | 48.596 | 9,0 | 8,7 |
| Suður-Afríka *South Africa* | 154.914 | 20.605 | 219.953 | 29.529 | 42,0 | 43,3 |
| Ástralía og Nýja-Sjáland *Australia and New Zealand* | 182.277 | 24.306 | 233.497 | 31.555 | 28,1 | 29,8 |
| Annað *Other* | 6.678 | 857 | 10.211 | 1.320 | 52,9 | 53,9 |
| **Hvítvín, samtals** ***White wine total*** | **710.510** | **84.781** | **814.887** | **97.358** | **14,7** | **14,8** |
| Frakkland *France* | 167.551 | 20.058 | 167.605 | 20.206 | 0,0 | 0,7 |
| Ítalía *Italy* | 101.982 | 11.792 | 95.850 | 11.246 | -6,0 | -4,6 |
| Spánn *Spain* | 42.327 | 5.028 | 48.153 | 5.735 | 13,8 | 14,0 |
| Portúgal *Portugal* | 816 | 78 | 1.076 | 107 | 31,9 | 36,3 |
| Þýskaland *Germany* | 71.077 | 6.370 | 96.218 | 8.623 | 35,4 | 35,4 |
| Evrópa, annað *Europe other* | 7.058 | 838 | 2.859 | 353 | -59,5 | -57,9 |
| Bandaríkin *USA* | 79.528 | 9.552 | 80.029 | 9.732 | 0,6 | 1,9 |
| Chile *Chile* | 72.426 | 9.568 | 98.920 | 13.091 | 36,6 | 36,8 |
| Suður-Afríka *South Africa* | 42.590 | 5.508 | 75.692 | 9.571 | 77,7 | 73,8 |
| Ástralía og Nýja-Sjáland *Australia and New Zealand* | 106.711 | 13.614 | 126.596 | 15.864 | 18,6 | 16,5 |
| Annað *Other* | 18.445 | 2.375 | 21.889 | 2.831 | 18,7 | 19,2 |
| **Rósavín** ***Rosé*** | **120.556** | **11.359** | **114.879** | **10.760** | **-4,7** | **-5,3** |
| **Freyðivín** ***Sparkling wine*** | **141.807** | **13.633** | **147.054** | **14.032** | **3,7** | **2,9** |
| Kampavín *Champagne* | 15.824 | 1.901 | 17.913 | 2.162 | 13,2 | 13,7 |
| Annað freyðivín *Other sparkling wine* | 125.983 | 11.732 | 129.141 | 11.870 | 2,5 | 1,2 |
| **Styrkt vín** ***Fortified wine*** | **72.306** | **12.890** | **69.202** | **12.341** | **-4,3** | **-4,3** |
| Sérrí *Sherry* | 46.254 | 7.771 | 41.808 | 6.999 | -9,6 | -9,9 |
| Portvín *Port* | 24.361 | 4.822 | 24.215 | 4.788 | -0,6 | -0,7 |
| Annað *Other* | 1.691 | 297 | 3.178 | 554 | 87,9 | 86,3 |
| **Ávaxtavín o.fl.** ***Fruit wine etc*** | **61.059** | **3.994** | **61.985** | **4.147** | **1,5** | **3,8** |
| **Koníak/brandí** *Cognac/brandy* | **73.767** | **29.379** | **70.835** | **28.239** | **-4,0** | **-3,9** |
| Koníak VS & VSOP *Cognac VS & VSOP* | 59.231 | 23.692 | 58.011 | 23.206 | -2,1 | -2,1 |
| Ávaxta- og hratbrandí | 1.929 | 769 | 1.228 | 498 | -36,4 | -35,2 |
| Annað brandí *Other brandies* | 12.607 | 4.918 | 11.597 | 4.535 | -8,0 | -7,8 |
| **Viskí** ***Whisky*** | **105.956** | **42.708** | **104.673** | **42.103** | **-1,2** | **-1,4** |
| Skotland *Scotland* | 74.107 | 29.890 | 72.093 | 29.059 | -2,7 | -2,8 |
| Írland *Ireland* | 23.948 | 9.580 | 23.577 | 9.431 | -1,6 | -1,5 |
| Annað *Other* | 7.900 | 3.239 | 9.003 | 3.613 | 14,0 | 11,5 |

Tafla 5. Heildarsala áfengis í lítrum og alkóhóllítrum eftir vöruflokkum árin 2003 og 2004 (frh.)
*Table 5. Total sale of alcohol in litres and litres of pure alcohol 2003–2004 (cont.)*

| | 2003 | | 2004 | | Breyting frá fyrra ári % *Change from prev. year %* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lítrar *Litres* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Lítrar *Litres* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* | Lítrar *Litres* | Alkóhóllítrar *Litres of pure alcohol* |
| **Romm og rommlíki** | | | | | | |
| ***Rum and spiced rum*** | **87.476** | **31.535** | **81.981** | **29.688** | **-6,3** | **-5,9** |
| **Tequila og Mezcal** | **6.664** | **2.533** | **6.407** | **2.438** | **-3,9** | **-3,7** |
| **Vodka** | **331.323** | **127.685** | **316.776** | **121.812** | **-4,4** | **-4,6** |
| **Einiberjavín** | | | | | | |
| ***Juniper flavoured spirits drinks*** | **85.914** | **33.928** | **83.094** | **32.855** | **-3,3** | **-3,2** |
| Gin | 82.497 | 32.680 | 80.309 | 31.850 | -2,7 | -2,5 |
| Sénever *Genever* | 3.417 | 1.248 | 2.785 | 1.005 | -18,5 | -19,5 |
| **Snafs *Schnapps*** | **45.697** | **17.469** | **41.810** | **15.808** | **-8,5** | **-9,5** |
| Ákavíti og brennivín *Aquavit* | 28.911 | 11.726 | 26.960 | 10.744 | -6,7 | -8,4 |
| Annað *Other* | 16.785 | 5.743 | 14.849 | 5.064 | -11,5 | -11,8 |
| **Líkjörar *Liqueurs*** | **132.324** | **31.867** | **125.639** | **30.190** | **-5,1** | **-5,3** |
| **Bitterar, kryddvín og aperitífar** | | | | | | |
| ***Bitters, aromatized wine and aperitives*** | **79.613** | **17.466** | **76.919** | **17.211** | **-3,4** | **-1,5** |
| Bitterar *Bitters* | 46.488 | 12.516 | 46.845 | 12.831 | 0,8 | 2,5 |
| Kryddvín, Vermútar og Aperitífar *Aromatized wine, vermouth and aperitives* | 33.125 | 4.950 | 30.074 | 4.380 | -9,2 | -11,5 |
| **Aðrir blandaðir drykkir** | | | | | | |
| ***Other alcoholic drinks*** | **415.511** | **23.979** | **407.219** | **23.654** | **-2,0** | **-1,4** |
| **Bjór *Beer*** | **14.995.494** | **748.151** | **15.987.342** | **791.991** | **6,6** | **5,9** |

## English summary

Consumption of alcoholic beverages in Iceland has increased from 4.67 litres of pure alcohol per inhabitant 15 years and over in 1987 to 6.71 litres of pure alcohol in 2004. The sale of beer (over 2.25% by volume) made a turning point in the consumption pattern. In 1988, the year before the sale of beer was legalised, strong spirits amounted to 77% of the total consumption of alcohol while wine was 23%. The consumption of both beverages dropped considerably the next year, strong spirits to 52% and wine to 14%, while the beer accounted for 34%. From then on there has been a steady rise, proportional, in the consumption of beer and wine, while there has been a constant decrease in spirits consumption. In the year 2004 the consumption of beer amounted to 52% of the total consumption of alcoholic beverages (pure alcohol per capita 15 years and over), wine to 28% and spirits to 20%. Table 1 shows total sale of alcohol beverages from 1987 to 2004, litres per inhabitant and litres per inhabitant 15 years and over. Table 2 shows comparison between the Nordic countries and tables 3, 4 and 5 show sale according to types of alcohol. The obvious trend since 1989 is the decreased sale of spirits and the increased sale of beer, and in later years the increased sale of wines.

Annual statistics on alcohol sale are available back to year 1881 in Iceland. Figures for the years 1881–1934 are derived from import statistics for alcohol beverages, but after 1935 the figures are based on sales reports of the State monopoly, later the State Wine, Spirit and Tobacco Authority (ÁTVR). The data, which this statistical series is based on, goes back to 1980 and the crucial change since then is that the sale of beer (over 2.25% by volume) was legalised on 1 March 1989. Since 1993 alcoholic beverages with 22% or less alcohol volume, except beer, are counted as wine and those over 22% by volume are counted as spirits. As of 1 December 1995 the State monopoly on the import and wholesale of alcohol was abolished and importers, producers and wholesalers holding a special licence issued by the Ministry of Finance (later by the National Commissioner of the Icelandic Police) were permitted to resell alcohol. From 1995 the figures cover the sales of ÁTVR and the sales of licence holders. The figures on quantity do not take into account alcohol imported by ship and aircraft crews and tourists entering the country, nor alcohol exported by the ÁTVR and others, or sold to the Duty Free Store at Keflavík Airport.

Hagtíðindi
Statistical Series

**Verðlag og neysla**
***Prices and consumption***

90. árgangur nr. 16
2005:1
ISSN 0019-1078
ISSN 1670-570X (pappír *paper*) • ISSN 1670-5718 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 6*
Umsjón *Supervision* Edda Hermannsdóttir • edda.hermannsdottir@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*